

NÁMSKRÁ

HG24 - Hársnyrtiiðn

Innihald

HG24- Hársnyrtiiðn	3
Lýsing.....	3
Inntökuskilyrði.....	3
Skipulag.....	3
Námsmat	3
Starfsþjálfun	4
Reglur um námsframvindu	4
HÆFNIVIÐMIÐ	5
Hæfniviðmið hársnyrtiiðn:.....	5
GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI.....	6
DREIFING NÁMS Á HÆFNIPREP	11
DREIFING ÁFANGA Á ANNIR:	12
ÁFANGALÝSINGAR - faggreinar	13
HMÓT1HG04AH	13
HMÓT2HG04BH	14
HMÓT2HG03CH	15
HMÓT3HG06DH.....	16
HMÓT3HG06EH	17
HSNY1HG04AH.....	18
HSNY2HG04BH	19
HSNY2HG06CH.....	20
HSNY3HG06DH	21
HSNY3HG06EH.....	22
IÐNF1HG04AH.....	23
IÐNF2HG04BH.....	24
IÐNF2HG05CH.....	25
IÐNF2HG05DH	26
IÐNF3HG05EH.....	27
ITEI1HG05AH	28
ITEI2GB05BH	29
HPEM1HG04AH.....	30
HPEM2HG02BH.....	31
HPEM3HG04CH.....	32

HPEM3HG04DH	33
VSTÆ2HG03HN	34
HRAK2HG02AH.....	35
HRAK3HG02BH	36
HSÝN3HG04AH.....	37
HSTA1HG02AH	38
HSTA2HG03BH	39
ÁFANGALÝSINGAR- almennar greinar	40
ENSK2AE05AT	40
VITI1GR05AT	41
ÍSLE2AA05AT.....	42
STÆR2BR05AT	43
NÁLÆ1AN05AT	44
ÍÞRÓ1GH02AT	45
ÍÞRÓ1LA01AT.....	46
ÍÞRÓ1LB01BT.....	47
ÍÞRÓ1LC01CT.....	48

HG24- Hársnyrtiiðn

Hönnunar- og handverksskólinn

Lýsing

Nám í hársnyrtiiðn er 200 einingar og eru námslok á 3. hæfniprepi. Markmið námsins er að ná færni til að veita alhliða þjónustu á fjölbreyttum starfsvettvangi greinarinnar og hafa hæfni til að bregðast við tískusveiflum á markaðnum. Hársnyrtar vinna í mikilli nálægð við viðskiptavinum sína og því er mikilvægt að efla samskiptafærni og getu til þess að öðlast skilning á þörfum viðskiptavina af ólíkum toga. Lögð er áhersla á gæðavitund, þjónustulund og siðfræði fagsins í viðum skilningi. Leitast er við að þjálfja sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra. Kynntar eru mögulegar leiðir til sjálfbærni í faginu og notkun umhverfisvænna efna. Nemendur þurfa að standast kröfur iðngreinarinnar um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Náminu lýkur með burtfararprófi frá skólanum sem innifelur í sér nám í skóla og starfsþjálfun sem veitir rétt til að þreyta sveinspróf. Sveinspróf veitir réttindi til að starfa í iðngreininni auk inngöngu í nám til iðnmeistara. Lengd hársnyrtinámsins er fimm annir í skóla auk starfsþjálfunar. Samhliða námi í hársnyrtiiðn eða eftir að því er lokið geta nemendur bætt við sig einungum til stúdentsprófs sem opnar leiðir til frekara náms.

Inntökuskilyrði

Til að hefja nám á hársnyrtibraut þarf að hafa lokið 1. þreps áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði eða grunnskólaeinkunn B.

Skipulag

Nám í skóla er þrepaskipt þar sem gert er ráð fyrir því að hæfni og sjálfstæði fari stigvaxandi. Starfsþjálfun fléttast inn í skólatímamann og er skipulagt og stýrt af skóla í samvinnu við meistara og fyrirtæki. Það er verkefnabundið og undir sama eftirliti og aðrir áfangar brautarinnar. Starfsþjálfun er 60 einingar. Tilgangur þess er að nemendur verði hæfir til þess að yfirfæra faglega þekkingu á raunveruleg viðfangsefni við starfstengdar aðstæður og þjálfist í vinnubrögðum og aðferðum á starfsvettvangi. Náminu lýkur með burtfararprófi frá skólanum sem innifelur í sér nám í skóla og starfsþjálfun sem veitir rétt til að þreyta sveinspróf. Sveinspróf veitir réttindi til að starfa í iðngreininni auk inngöngu í nám til iðnmeistara.

Námsmat

Með námsmati er kannað að hve miklu leyti nemandi hefur náð skilgreindum hæfniviðmiðum og það stuðlar að því að veita leiðbeinandi upplýsingar um framvindu námsins. Símat er ríkjandi þáttur í námsmati skólans og lögð er áhersla á fjölbreyttar aðferðir til að fá skýra mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda sem fá ýmist skriflegar eða munnlegar umsagnir og einkunnir í tölum sem leiða þá áfram. Einnig er unnið með sjálfs- og jafningjamat. Mikil áhersla er lögð á að námsmatið feli í sér leiðsögn. Í lok hverrar annar/lotu fá nemendur lokaekinn í tölum í hverjum áfanga. Nánar er kveðið á um námsmat tiltekinna áfanga í kennsluáætlun hverju sinni. Ferillbók er nauðsynleg til að halda utan um verkefni og námsframvindu auk þess að stuðla að opnum og skýrum samskiptum milli skóla, meistara og nemenda.

Starfsþjálfun

Starfsþjálfun á vinnustað er hluti hársnyrtinámsins og miðar að því að búa nemendur undir að standast kröfur greinarinnar sem eru tilgreindar í hæfniviðmiðum námsbrautarinnar. Starfsþjálfun á vinnustað er 60 einingar.

Starfsþjálfun á vinnustað samkvæmt hæfnikröfum ferilbókar hjá fyrirtæki/iðnmeistara. Almennt er miðað við að nemendur hafi lokið starfsþjálfun í síðasta lagi áður en nám hefst í lokaáföngum fagbrautar. Námsframvinda vinnustaðarnáms miðast við að nemandinn sé búinn að uppfylla að lágmarki 80% af hæfniviðmiðum í ferilbók faggreinar til að innritast í lokaáfanga brautar.

Tilgangur starfsþjálfunar er að nemandinn efli færni, reynslu og leikni í þjónustu við viðskiptavini auk þess að þjálfast í hraða og faglegum vinnubrögðum við raunverulegar starfsaðstæður. Starfsþjálfun raðast á hæfniþrep eins og annað nám þar sem þekking, leikni og hæfni nemandans eykst eftir því sem á námið líður.

Reglur um námsframvindu

Sjá upplýsingar um [námsframvindu](#)

HÆFNIVIÐMIÐ

Hæfniviðmið hársnyrtiiðn:

Að námi loknu skal nemandi hafa aflað sér hæfni til að:

- veita persónulega ráðgjöf um meðferð og umhirðu hárs og skeggs og notkun á hármótunarvörum
- taka mið af andlitsfalli, líkamsbyggingu og persónuleika viðskiptavinar þegar þjónusta er veitt en taka jafnframt fullt tillit til óska hans
- greina hár- og hársvörð, þvo hár og hafa vald á mismunandi nuddaðferðum
- hafa vald á margs konar klippiformum og klippitækni fyrir dömur og herra
- þekkja og geta beitt ólíkum aðferðum við permanent, sléttun, litun og litatækni
- geta formað og rakað skegg
- hafa víðtæka kunnáttu á efnafræðilegum áhrifum og almennri meðhöndlun kemískra efna í hársnyrtiiðn
- velja vörur og meðferð út frá faglegri þekkingu sinni og eiginleikum hárs
- þekkja sögu hársnyrtingar og síbreytilegrar tísku í aldanna rás, fylgjast með tískustraumum og geta tileinkað sér þá
- teikna og útbúa verklýsingu í máli og myndum og vinna eftir verklýsingum annarra
- sýna fágaða framkomu, sjálfstæði í vinnubrögðum, bera ábyrgð á eigin verkum og kynna sig og verk sín á gagnrýnin og faglegan hátt
- þekkja og fara eftir lögum og reglugerðum um hreinlæti, öryggi, vinnuvernd og forvarnir, réttindi og skyldur í hársnyrtiiðn
- veita skyndihjálp
- þekkja leiðir til sjálfbærni, lög og reglugerðir um umhverfisvernd, þekkja umhverfisvænar vörur og leiðir til að öðlast viðurkenningu sem umhverfisvænn hársnyrtir
- sýna viðskiptavinum, samstarfsfólki og umhverfi virðingu
- vera meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar fyrir vinnustaðinn, og hafa tileinkað sér fagtengdar siðareglur og gæta trúnaðar í hvívetna
- sýna leikni í tölvunotkun varðandi gagnavörslu, upplýsingaöflun, myndvinnslu og upplýsingagjöf um og til viðskiptavinar
- þekkja helstu atvinnusjúkdóma og leiðir til vinnuverndar

GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI

Jafnrétti:

- Samkvæmt jafnréttisstefnu skólans, er markmiðið að tryggja að nemendur og starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnréttis óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun og öðrum félags- og persónubundnum þáttum. Jafnréttisáætlun skólans er verkfæri sem hrindir stefnunni í framkvæmd með skipulögðum hætti. Samkvæmt henni skulu nemendur skólans meðal annars njóta fræðslu um jafnréttismál og fá kynningu á jafnréttisstefnu skólans, sem og viðbragðsáætlun, ef kvörtun berst.
- Í skólanum er stuðlað að jafnrétti, lýðræði og mannréttindum. Meðal gilda skólans er virðing. Í skólanum er hverjum nemanda mætt þar sem hann er staddur og virðing er borin fyrir starfsfólki og nemendum.
- Skólinn býður upp á dreifnám sem gefur nemendum kost á að stunda nám óháð búsetu, vinnutíma eða öðru því sem getur hindrað þá í að stunda nám í dagskóla.
- Skólinn býður upp á raunfærnimat til þess að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og almennt nám fyrir raunfærninemendur til þess greiða leið þeirra inn á námsbrautir skólans.
- Í fyrstu áföngum stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku er jafnrétti eftt með því að taka á móti nemendum þar sem þeir eru staddir í námi.
- Í mörgum námsgreinum skólans, svo sem tungumálum og íslensku eiga nemendur möguleika á að velja sér verkefni og stýra framsetningu þeirra. Einnig er mikið unnið í hópum þar sem allir eiga jafnan rétt á að tjá skoðanir sínar, meta vinnuframlag samnemenda sinna og hafa þannig áhrif á vinnu og endurgjöf innan hópsins. Þá skipa þeir hver annan í hlutverk innan hópsins.
- Í íslensku og erlendum tungumálum kynnast nemendur stöðu og réttindum ýmissa þjóðfélagshópa í ólíkum menningarheimum í gegnum ýmsa miðla (kvikmyndir, blaðagreinar, tónlist, texta).
- Í íþróttum er nemendum gert að þekkja stöðu sína gagnvart samnemendum þannig að hver og einn leitist við að taka mið af eigin hreyfifærni, óháð kyni, líkamspýngd og getu.
- Í lífsleikni, náttúrulæsi og menningarlæsi er tekið sérstaklega á jafnréttismálum. Þar er m.a. áhersla lögð á að allir einstaklingar eigi jafna möguleika til að þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð eða fötlun.
- Skólinn býður upp á vinnustofur, til dæmis í stærðfræði. Í skólanum er jafningjakennsla og námsver, öllum opið, ætlað til að jafna aðstöðumun nemenda við heimanám og nám almennt.

Námshæfni:

- Nemendur fá sérstaka fræðslu um námstækni og mismunandi námsaðferðir í lífsleikni, náttúrulæsi og menningarlæsi. Þar læra þeir að skipuleggja tíma sinn, meta eigin styrkleika og veikleika og læra aðferðir til að efla námshæfni sína.
- Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar náms- og kennsluáðferðir sem reyna á mismunandi hæfni nemenda. Stefna skólans er að auka vægi símats og leiðsagnarnáms þar sem því verður við komið. Mikið er um fjölbreytta verkefnavinnu í formi samvinnunáms þar sem nemendur meta eigin vinnu og annarra í formi jafningjamats og sjálfsmats.

- Í greinum eins og lífsleikni, menningarlæsi og náttúrulæsi meta nemendur námslega stöðu sína og gera grein fyrir henni. Þetta gera nemendur einnig í tungumálanámi, hvort sem um móðurmál eða erlend tungumál er að ræða.
- Í íþróttum og lífsleikni læra nemendur um gildi reglulegrar hreyfingar og fjölbreytts fæðuvals með orðatiltækið „heilbrigð sál í hraustum líkama“ í huga. Nemendum er sýnt fram á, að ef fólk temur sér heilbrigða lífshætti varðandi hreyfingu og mataræði, líður því almennt betur og þar með styrkir það hæfni sína og getu til náms.
- Í stærðfræðiáföngum eru notaðar fjölbreyttar námsaðferðir, svo sem hópvinna, einstaklingsvinna og að einn nemandi kenni öðrum, töflukennsla, spegluð kennsla, uppgötvunarnám og svo framvegis. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er reynt að koma til móts við nemendur á þeirra eigin forsendum með það að markmiði að auka sjálfstraust þeirra og að allir fái nám við hæfi.
- Í vinnustofum, námsveri og með jafningjakennslu er leitast við að koma til móts við þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í námi.
- Tengsl skólans við nærumhverfi eru mikil og einnig við atvinnulífið. Námið er því nátengt raunverulegum viðfangsefnum sem bíða nemenda eftir að námi lýkur. Það eykur áhuga og gefur náminu gildi í huga nemenda.

**Skapandi
hugsun og
hagnýting
þekkingar:**

- Í öllum áföngum í erlendum málum er lögð áhersla á skapandi verkefni sem reyna á ímyndunarafli nemenda. Sem dæmi má nefna að nemendur vinna auglýsingar, blaðagreinar, veggspjöld, semja ljóð og smásögur og tjá sig um ýmis málefni líðandi stundar. Nemendur lesa bæði smásögur og skáldsögur og vinna margvísleg skapandi verkefni í tengslum við efnið þar sem þeir velja sjálfir viðfangsefni og aðferðir. Má þar nefna skapandi textaskrif.
- Skapandi vinna er mikilvægur þáttur í öllum íslenskuáföngum. Nemendur eiga kost á að skila verkefnum á mismunandi formi, t.d. að flytja verkefni munnlega, setja upp leikþætti, útbúa glærुकynningar, gera stuttmyndir, rita texta, skáldverk, ljóð og fleira. Þá eru nemendur hvattir til leikhúsferða í efri áföngum. Reynt er eftir föngum að fara í vettvangsferðir í tengslum við námið, s.s. ferð á Njáluslóðir..
- Í öllum áföngum íþróttá hagnýta nemendur sér þekkingu sem þeir afla sér varðandi hreyfingu. Nemendur gera eigin æfingaáætlanir og læra að fylgja þeim eftir með markvissum hætti.
- Í stærðfræði er ólíkum lausnaaðferðum beitt og nemendur eru þjálfaðir í að leysa verkefni á fjölbreytilegan hátt.
- Í lífsleikni vinna nemendur með fjölbreytt verkefni sem reyna á sköpunarhæfni þeirra og ímyndunarafli. Nemendur semja glærुकynningu um sig sjálfa og kynna fyrir hópnum.
- Innan skólans hafa nemendur val um fjölmarga áfanga í skapandi greinum. Þetta á jafnt við um náttúrufræðibraut sem og aðrar brautir.

**Læsi, tjáning
og samskipti
um tölur og
upplýsingar:**

- Í íslensku og erlendum tungumálum nota nemendur upplýsingatækni í þekkingarleit og miðla þekkingu á gagnrýninn og skapandi hátt. Nemendur leita að upplýsingum á veraldarvefnum og víðar og vinna með þær á fjölbreyttan hátt. Þeir nota rafrænar orðabækur og ýmis forrit við úrvinnslu upplýsinga og framsetningu þeirra.

- Í stærðfræðiáföngum er lögð áhersla á að nemendur læri meðferð talna á viðeigandi hátt eftir eðli viðfangsefnisins. Til dæmis er nemendum gert að nýta sér efni sem sett er fram í tölvutæku formi.
- Í fyrstu áföngum stærðfræðinnar er sérstaklega unnið að því að nemendur verði læsir á stærðfræðitexta og formúlur og geti fylgt rökfærslu sem sett er á blað.

Menntun til sjálfbærni:

- Skólinn hefur þá stefnu að nálgast forvarnir út frá viðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu. Lögð er áhersla á fjóra þætti: næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Með þessari stefnu er nemendum gerð grein fyrir mikilvægi þessara þátta til sjálfbærni.
- Í erlendum málum er valið námsefni sem virkar hvetjandi á nemendur og vekur áhuga þeirra og forvitni um ólík samfélög, menningu og umhverfi. Lestextar eru sérstaklega valdir með það að markmiði að veita innsýn í aðra menningarheima og efla alþjóðavitund og samfélagslega ábyrgð nemenda.
- Í áföngum skólans er kennsluefni oft á tölvutæku formi og rafræn skil eru á ýmsum verkefnum. Hefur aukin nýting tækninnar leitt til bættrar umgengni við náttúruna.
- Í íþróttum fá nemendur reglulega hreyfingu og þar með eflist vitund þeirra um nærumhverfi og heilsu. Þeir öðlast reynslu í læsi á eigin heilsu með tilliti til gildis hreyfingar og heilnæms mataræðis en þetta tvennt stuðlar að góðri heilsu og líðan alla ævi.
- Í lífsleikni er farið í neytendamál og fjármálalæsi sem miðar að aukinni meðvitund um sjálfbærni.
- Í menningarläsi læra nemendur um hvernig listir og hönnun geta tengst orðræðunni um sjálfbærni, þegar litið er til miðlunar þekkingar, náttúruauðlinda, og félagslegra og umhverfislegra þátta. Fjallað er um hvernig menning hefur rík áhrif á hegðun, neyslumynstur og framleiðsluhætti samfélags.

Heilbrigði:

- Í skólastarfinu er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl og það viðhorf almennt lagt til grundvallar að nemendur beri ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum.
- Í erlendum málum og íslensku eru lesnar smásögur, skáldsögur og greinar sem fjalla um erfið málefni, svo sem ofbeldi, mismunun, einelti, vímuefnanotkun og sálarflækjur margskonar. Efnið er rætt og unnið með það í kennslustundum.
- Í allri kennslu og samskiptum við nemendur er áhersla lögð á jákvæð samskipti milli nemenda innbyrðis, sem og milli nemenda og kennara. Slík samskipti stuðla að félagslegu heilbrigði.
- Í flestum áföngum í skólanum er sjálfsöryggi nemenda styrkt, til dæmis með því að æfa tjáningu og flutning fyrirlestra og ýmiss konar verkefna.
- Í íslensku eru lesnar bókmenntir og nytjatextar frá ólíkum tímabilum. Í þeim er t.d. tekið á mismunun, ofbeldi, einelti, kyngervi og kynhegðun. Nemendur þurfa að kryfja og ræða textana, taka afstöðu og færa rök fyrir máli sínu.
- Í íþróttum og lífsleikni er í forvarnarskyni fjallað sérstaklega um andlega, félags- og líkamlega færni og vellíðan.
- Í öllum áföngum íþróttanna er stuðlað að góðu heilsufari með fjölbreyttum æfingum. Nemendur eru hvattir til að nýta þekkingu og reynslu sína til að tileinka sér heilbriggt lífverni og færni í að efla heilsu sína á eigin spýtur alla ævi.

- Í íþróttum eru nemendur hvattir til að ala með sér jákvætt viðhorf til heilsuræktar með því að gera þeim ljóst að hver og einn getur stundað þjálfun eftir eigin getu. Þeir eru jafnframt hvattir til að treysta getu sína með endurteknum æfingum.
- Í lífsleikni og bóklegum tímum í íþróttum er m.a. fjallað um skaðsemi reykinga, áfengis- og vímuefnaneyslu og skaðsemi steranotkunar sérstaklega í sambandi við líkamsrækt.
- Í íþróttum og lífsleikni er fjallað um mataræði. Þar eru ræddir kostir fjölbreytts mataræðis og hvernig það getur stuðlað að heilbrigðu lífni. Nemendur eru hvattir til að skoða vel hvort rannsóknir liggi að baki því sem mælt er með hverju sinni og meta með gagnrýnum huga það sem þeir lesa eða heyra um mataræði.
- Í öllum áföngum íþróttar er nemendum hjálpað að þekkja stöðu sína gagnvart jafningjum þannig að hver og taki mið af eigin hreyfigetu og sé sáttur í eigin skinni.
- Í íþróttum er leitast við að draga úr einelti eða útilokun með því að allir taki þátt í leikjum eða keppni. Kennsluform í íþróttum er mismunandi en oft er unnið í hópum eða liðum sem stuðlar að samkennd nemenda.
- Í lífsleikni fá nemendur kynfræðslu sem eflir meðvitund þeirra um kynheilbrigði, mikilvægi heilbrigðs kynlífs, getnaðarvarnir og fleira.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum:

- Í öllum áföngum erlendra tungumála er unnið markvisst með texta á markmálinu og fá nemendur fjölbreytt tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti. Þeir eiga í samskiptum sín á milli á markmálinu (samtöl, hlustun, kynningar og fleira). Nemendur eru hvattir til að tjá sig á erlenda málinu um leið og þeir geta og við hvert tækifæri sem gefst, bæði innan kennslustofunnar og utan.
- Nemendur lesa fjölbreytta texta á markmálinu í öllum erlendum tungumálum og vinna með þá á margvíslegan hátt. Þeir fá þjálfun í að hlusta á tungumálið ásamt því að tala málið við ólíkar aðstæður.
- Í áföngum erlendra tungumála kynnast nemendur vel menningu viðkomandi málsvæða og þess lands eða þeirra landa þar sem tungumálið er talað sem móðurmál. Þeir læra einnig að sækja um skóla og vinnu í viðkomandi landi.
- Nemendur leita að upplýsingum á erlendum heimasíðum á mismunandi tungumálum, vinna úr þeim og tjá sig um innihaldið í ræðu og riti.
- Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í margvíslegum erlendum samskiptum þar sem þeir kynnast menningu, venjum og siðum annarra þjóða. Þessum samskiptum er ætlað að auka vísýni og umburðarlyndi nemenda og þjálfa þá í menningarläsi.
- Í kennslu erlendra tungumála er unnið að því jafnt og þétt að efla orðaforða, lesskilning og máltilfinningu nemenda.

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

- Skólinn leggur mikla áherslu á vinnu nemenda þar sem reynir á læsi, tjáningu og samskipti. Það reynir á samskiptahæfni nemenda í verkefnavinnu og tjáningu í rituðu máli og töluðu við ýmiss konar kynningar.
- Í öllum áföngum íslensku er lögð áhersla á tjáningu af ýmsu tagi. Dæmi um viðfangsefni eru kynningar á bókmenntum og völdum þáttum í málsögu. Nemendur taka einnig munnleg próf þar sem þeir tjá sig um bókmenntir. Með lestri og textagreiningu er unnið að því að efla lesskilning nemenda í öllum áföngum íslensku.

Lýðræði og mannréttindi:

- Í öllu skólasterfinu er leitast við að gera nemendur að virkum og ábyrgum þátttakendum í lýðræðissamfélagi, t.d. með því að kanna viðhorf þeirra til ákveðinna

þátta. Á hverri önn er lögð fyrir nemendur kennslukönnun þar sem þeir segja álit sitt á áföngum sem þeir hafa setið.

- Í erlendum tungumálum, lífsleikni, íslensku, menningarlausni og náttúrlausni er námsmati að hluta til háttáð þannig að nemendur hafa sjálfir áhrif á námsmat sitt og félaga sinna í hópastarfi með sjálfsmati og jafningjamati. Nemendur venjast því að bera virðingu fyrir manngildi hvers og eins í hópnum eins og í stærri lýðræðissamfélögum og þá þurfa þeir að virða skoðanir annarra hópmeðlima. Í skólanum er lögð áhersla á sjálfstæði nemenda þar sem hver og einn þeirra er ábyrgur fyrir eigin námi og hefur að einhverju leyti val um verkefni í áföngum.
- Í enskuáföngum eru nemendur þjálfaðir í að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála í tengslum við bókmenntir og taka þátt í rökræðum um ýmis mál með því til dæmis að halda ræðu um ákveðin málefni. Þeir lesa einnig texta sem fjalla um mannréttindamál.
- Í öllum áföngum íslensku eru lesin bókmenntaverk þar sem lýðræði og mannréttindi eru í brennidepli. Nemendur þurfa að færa rök fyrir máli sínu og átta sig á siðferðilegum gildum.
- Í skólanum er upplýsingatækni mikið notuð, bæði í dagskóla og í dreifnámi. Til þess að vera virkur í lýðræðissamfélagi þarf einstaklingurinn að vera upplýsingalæs þar sem tölvur og önnur tækni verður sífellt fyrirferðarmeiri þáttur í nútímasamfélagi. Nemendur eru þjálfaðir í upplýsingalæsi en í dag telst slíkt læsi til ákveðinna mannréttinda.
- Skólinn leitast við að taka á móti fjölbreyttum hópi nemenda, bæði er varðar bakgrunn og fyrri námsárangur. Skólinn hefur það að markmiði að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og hjálpa honum að rækta hæfileika sína.

DREIFING NÁMS Á HÆFNIÐREP

Námsgrein	þrep 1	ein	þrep 2	ein	þrep 3	ein	Ein samt.
Enska			ENSK2AE05AT	5			5
Lífsleikni	VIT1GR05AT	5					5
Íslenska			ÍSLE2AA05AT	5			5
Íþróttir	ÍÞRÓ1GH02AT	2					5
	ÍÞRÓ1LA01AT	1					
	ÍÞRÓ1LB01BT	1					
	ÍÞRÓ1LC01CT	1					
Náttúrulæsi	NÁLÆ1AN05AT	5					5
Skyndihjálþ	SKYN2SE01AT	1					1
Stærðfræði			STÆR2BR05AT	5			5
Iðnteikning	ITEI1HG05AH	5	ITEI2HG05BH	5			10
Iðnfræði	IÐNF1HG04AH	4	IÐNF2HG04BH	4	IÐNF3HG05EH	5	22
			IÐNF2HG05CH	5			
			IÐNF2HG05DH	5			
Hármótun	HMÓT1GS04AH	4	HMÓT2GS04BH	4			24
			HMÓT2HG04CH	4			
					HMÓT3HG06DH	6	
					HMÓT3HG06EH	6	
Hársnyrting	HSNY1HG04AH	4	HSNY2HG04BH	4			24
			HSNY2HG04CH	4	HSNY3HGO6DH	6	
					HSNY3HG06EH	6	
Permanent	HPEM1HG4AH	4	HPEM2HG2BH	2			14
			HPEM2HG4CH	4			
					HPEM3HG4DH	4	
Starfskynning	HSTA1HG02AH	2	HSTA2HG02AH*	2			4
Verkstæði faggreinar			VSTÆ2HG02HN*	2			
Sýningar og keppni					HSÝN3HG04AH	4	4
Rakstur			HRAK2HG02AH	2	HRAK3HG02BH	2	4
	Einingar	39	einingar	61	einingar	39	140
*Val um HSTA2HG02AH eða VSTÆ2HG02HN							
Starfsþjálfun					STAP2HG30AH	30	60
					STAP3HG30BH	30	
					Samtals einingar		200

DREIFING ÁFANGA Á ANNIR:

HG24 hársnyrtiiðn						
	1. önn		2. önn		3. önn	
Hármótun	HMÓT1HG04AH	4	HMÓT2HG04BH	4	HMÓT2HG03CH	4
Hársnyrting	HSNY1HG04AH	4	HSNY2HG04GH	4	HSNY2HG04CH	4
Permanent			HPEM1HG04AH	4	HPEM2HG2BH	2
Iðnfræði	IÐNF1HG04AH	4	IÐNF2HG04BH	4	IÐNF2HG05CH	5
Iðnteikning	ITEI1HG05AH	5			ITEI2HG05BH	5
Enska					ENSK2AE05AT	5
Íslenska	ÍSLE2AA05AT	5				
Líkamsrækt	ÍPRÓ1LA01AT	1	ÍPRÓ1GH02AT	2	ÍPRÓ1LB01BT	1
Lífsleikni			VITI1GR05AT	5		
Stærðfræði	STÆR2BR05AT	5				
Náttúrulæsi			NÁLÆ1AN05AT	5		
Starfskynning					HSTA1HG02AH	2
Alls ein. á önn	28		28		32	

HG24 hársnyrtiiðn						
	4. önn		5. önn			
Íþróttir	ÍPRÓ1LC01CT	1				
Hármótun	HMÓT3HG06DH	6	HMÓT3HG06EH	6		
Rakstur	HRAK2HG02AH	2	HRAK3HG02BH	2		
hársnyrting	HSNY3HG06DH	6	HSNY3HG06EH	6		
Sýningar og keppni			HSÝN3HG04AH	4		
Permanent	HPEM3HG2CH	2	HPEM3HG4DH	4		
Iðnfræði	IÐNF2HG05DH	5	IÐNF3HG05EH	5		
Bundið Val 3 einingar						
Verkstæði faggreinar	VSTÆ2HG02HN	3				
Starfskynning	HSTA2HG02BH					
Skyndihjálpi			SKYN2SE01AT	1		
Alls ein. á önn	26		27			
Starfsþjálfun	STAP3HG30AH	30	STAP2HG30BH	30		
HG24 alls einingar	200					

Hæfniprep	prep 1		prep 2		prep 3		Alls
Prósentuhlutfall							
	einangar	39	einangar	62	einangar	39	139
		28%		44%		28%	100

Útgefin viðmið	prep 1		prep 2		prep 3		
Dreifing náms á hæfniprep	lágmark	17%	lágmark	33%	lágmark	17%	
	hámark	33%	hámark	50%	hámark	33%	

ÁFANGALÝSINGAR - faggreinar

HMÓT1HG04AH

Titill: Hármótun 1 Skammstöfun: HMÓT1HG04AH Námsgrein: Hármótun	Einingar 4	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing:</p> <p>Nemandinn kynnist hugmyndum, tækni og aðferðum á bak við mótun hárs með rúllum og hverskonar hitatækjum. Nemandi fær þjálfun og lærir grunnatriði við ísetningu á rúllum og þjálfunar í notkun hárblásara, þá er kennd gerð einfaldra snúninga flétta í sítt hár. Kennd er notkun á krullu-og hitajárnum auk beitingar ólíkra bursta til hármótunar við blástur í sítt og stutt hár Grunnatriði hárpvottar og næringarnudds eru kennd sem og gerð og notkun verklýsinga í hármótun. Lögð er áhersla á mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta.</p>			
<p>Forkröfur: engar</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi formuppbyggingu í greiðslum og blæstri. • mismunandi gerðum rúlluísetninga og úrgreiðslna • viðeigandi hármótunarefnum og áhöldum við ísetningu og greiðslu • gerð og notkun verklýsinga fyrir hárgreiðslu • notkun hárblásara og mismunandi tegunda af burstum • einfaldri notkun hitajárna til hármótunar • einföldum fléttum og snúningum í sítt hár • mikilvægi verklýsinga • Næringarnuddi og hárpvotti 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skipta, rúlla upp og forma hár með hliðsjón af útkomu, uppbyggingu og áferð greiðslu. • notast við verklýsingar við gerð greiðslna. • beita saman blásara, burstu og greiðu. • Ná tókum á sigildum formum í blæstri á síðu og stuttu hári • taka skiptingar í samræmi við rúllustærð og fyrirhugaða útkomu. • Móta bylgjur í hár með blæstri, klípum og vatnsliðun • krulla og slétta hár • geta gert og notað verklýsingar á réttan hátt • framkvæma hárpvott og næringarnudd á viðskiptavini 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera grunnskiptingar fyrir upprúll • skipta hárinu upp í fyrirfram ákveðnar brautir • setja ýmsar stærðir af rúllum í misjafna sídd af hári • túbera og greiða úr mismunandi upprúllum á æfingahöfðum • Gera klípur og bylgjur á æfingarhöfði • Blása sítt hár í mismunandi form • nota viðeigandi burstu, greiður og mótunarefni. • gera einfaldar fléttur og snúninga • handleika hitajárn • gera viðunnandi verklýsingar • þvo hár og veita næringarnudd 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HMÓT2HG04BH

Titill: Hármótun 2 Skammstöfun: HMÓT2HG04BH Námsgrein: Hármótun	Einingar 4	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandinn kynnist hugmyndum og þjálfast í tækni, aðferðum og hönnun á bak við uppbyggingu og formgerð greiðslna á síðu hári. Hann lærir að blanda saman margvíslegri tækni, með notkun á rúllum, bylgjum og ýmsum hitatækjum. Kenndar verða léttar greiðslur, og dag – og kvöldgreiðslur í mismunandi hárlengdir. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hárgreiðslu. Blástur er þjálfaður, unnið er með ólík form og hárlengdir. Áfram er unnið með notkun og gerð verklýsinga. Verkefnið unnið á æfingarhöfuð og módel.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT1HG04AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • upprúlli miðað við fyrirhugaða útkomu, bæði á síðu og stuttu hári. • mismunandi formi á bylgjugreiðslum. • notkun bylgjugreiðu og klípa. • mismunandi tækni við blástur, stutt og sítt hár • mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. • vali og notkun mótunarefna. • notkun hitajárna. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera skiptingar og upprúll miðað við fyrirhugaða útkomu. • framkvæma einfaldar og útfæra ólíkar greiðslur með tilliti til forms, áferðar og heildarútlits. • útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og –lengdir. • móta bylgjur í hár með blæstri, klípum og vatnsliðun. • ná tókum á sígildu formi í blæstri í sítt og stutt hár • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlæti 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • velja og nota rúllur sem hæfa fyrirhugaðri útkomu og greiða hár samkvæmt fyrirfram ákveðnu formi. • gera eigin verklýsingar og fara eftir þeim við hárgreiðslu. • greiða blautbylgjur og setja í klípur. • setja klípur í heilt höfuð með eða án skiptingar. • greiða úr svo út komi bylgjur. • blása og krulla samkvæmt kennslukerfi. • beita grunntækni við gerð greiðslna.+ útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir. • móta hár með rúllum, járnum, nálum og klípum. • nota viðeigandi hárskraut. • útfæra mismunandi bylgju- og tímabilagreiðslur. • blása sítt og stutt hár eftir fyrirfram ákveðnu formi. • blása stífan rúllublastur í fyrirfram ákveðið form. • blása form og bylgjublástur. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HMÓT2HG03CH

Titill: Hármótun 3 Skammstöfun: HMÓT2HG03CH Námsgrein: Hármótun	Einingar 4	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandinn öðlast aukna færni og sjálfstæði í klassískum blæstri oghármótun auk ýmiskonar tískublástura. Unnið er með ýmsar hárlengdir og form og fjölbreyttar aðferðir til að ná fram því sem óskað er eftir með því að nota ólík mótunarefni, hitatæki og bursta/greiður. Þá verður rætt um framkomu og háttvísi á „vinnustað“ þar sem eru viðskiptavinir. Verkefni eru unnin á módelum og æfingarhöfði.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT2HG04BH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vali og notkun mótunarefna sem hæfa ólíkum hárgerðum • mismunandi tækni við blástur á stuttu og síðu hári. • ólíku upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu. • mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. • áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur. • Mikilvægi hitatækja sem liður að undirbúningi hárgreiðslu 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma blástur í sítt og stutt hár eftir óskum viðskiptavinar. • ráðleggja viðskiptavini um val á blæstri við hæfi. • blása hár módel/viðskiptavinar á viðeigandi hátt. • velja mótunarefni við hæfi. • blása/forma stutt hár í mismunandi form. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. • Kynna hugmyndir sínar • útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og -lengdir. • Framkvæma greiðslu skv. óskum viðskiptavinar • Sýna háttvísi og fágaða framkomu í kringum viðskiptavini 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • blása stífan rúllublástur í fyrir fram ákveðið form. • framkvæma blástur eftir óskum viðskiptavinar. • velja mótunarefni sem hæfir hárgerð viðskiptavinar. • blása form og bylgjublástur. • útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir. • móta hár með rúllum, járnum, nálum og klípum. • nota viðeigandi hárskraut. • móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum. • útfæra mismunandi tímabilagreiðslur. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HMÓT3HG06DH

Titill: Hármótun 4 Skammstöfun: HMÓT3HG06DH Námsgrein: Hármótun	Einingar 4	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð í mótun á blautbylgjum og klípum ásamt úrgreiðslu. Leitast er við að efla listrænan skilning á handverkinu sem nýtist nemandanum við hinar ýmsu aðstæður.</p> <p>Nemandinn öðlast aukna færni í klassískum dömublæstri auk ýmiskonar tískublásturs. Unnið er með ýmsar hárlengdir og form. Nemandinn kynnist og notar ýmis blásturs- og hármótunarefni og hitajárn þar sem við á. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hárgreiðslu og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum auk þess sem samfélagsmiðlar eru notaðir til hugmyndarvinnu. Nemandinn þjálfast í að leysa ólík verkefni sem lögð eru fyrir hann Verkefnið unnin á æfingarhöfuð og módel.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT2HG04CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi aðferðum við að ná fyrirfram ákveðnu blástursformi. • að blása stífan rúllublástur í ákveðið form. • mismunandi áhöldum og efnum til blásturs. • ýmsu upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu. • mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. • áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • blása/forma hár í mismunandi form. • sjá út og framkvæma þann blástur sem hæfir viðskiptavini. • velja mótunarefni við hæfi. • útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og -lengdir. • kynna hugmyndir sínar á ýmsa vegu • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • blása hár í fyrirfram ákveðin form. • blása stífan dömublástur. • blása tískublástur. • útfæra mismunandi bylgju- og tímabilagreiðslur. • móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum. • nota samfélagsmiðla til hugmyndarvinnu og kynninga. • velja viðeigandi hármótunarefni fyrir blástur og eftirmeðhöndlun. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HMÓT3HG06EH

Titill: Hármótun 5 Skammstöfun: HMÓT3HG06EH Námsgrein: Hármótun	Einingar 5	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð í mótun hárs. Enn fremur öðlast hann frekari færni og sjálfstæði í daggreiðslu, brúðargreiðslu og sölulegum samkvæmisgreiðslum. Leitast er við að efla listrænan skilning á handverkinu sem nýtist nemandanum við hinar ýmsu aðstæður. Nemandi öðlast leikni í að blása allar hárlengdir í ólík form og útfærslur sem hæfa hverjum einstaklingi og tilefni fyrir sig og veita ráðleggingar þar um. Hann öðlast þekkingu til að velja og nota þau verkfæri og mótunarefni sem henta best hverju sinni. Hann þjálfast í hraða og tækni við margbreytilegar útfærslur á blæstri og mótun hárs auk þess að öðlast sjálfstæði og færni til að beita hugmyndaflugi sínu og þekkingu við hönnun. Nemandinn þjálfast í að leysa ólík verkefni sem lögð eru fyrir hann.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT3HG06DH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> mismunandi upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu. mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. áhöldum og mótunarefnum sem notuð eru við hárgreiðslur og blástur. vali á viðeigandi burstum/hringburstum og öðrum áhöldum. mismunandi úfærslum á tiskugreiðslum í stuttu og síðu hári. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> beita mismunandi aðferðum við hönnun, undirbúning og úrgreiðslu hárs. finna lausnir til að ná fram þeirri útkomu sem óskað er. leiðbeina viðskiptavinum um persónulegt val á greiðslu við ólík tækifæri. hárlengdum að óskum viðskiptavinar. geta ráðlagt um val á blæstri í tengslum við tilefni, tíðaanda, persónugerð og líffræðilega þætti. geta unnið sjálfstætt og innan ákveðins tíma. geta lýst og kynnt verk sín í máli og myndum. geta unnið sjálfstætt og innan tímamarka. ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> útfæra greiðslur í mismunandi hárgerðir og hárlengdir. hanna og greiða mismunandi, sölulegar greiðslur. gera ólíkar útfærslur af bylgjum og tímabilagreiðslum. velja og beita viðeigandi efnum og áhöldum sem þarf til að ná þeirri útkomu sem krafist er. hanna og framkvæma blástur sem hæfir andlitsfalli/líkamsbyggingu. blása allar hárlengdir frá grunni í tilætlað form innan ákveðinna tímamarka 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSNY1HG04AH

Titill: Hársnyrting 1 Skammstöfun: HSNY1HG04AH Námsgrein: Hársnyrting	Einingar 4	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing: Nemandinn kynnist grunnatriðum kennslukerfis hársnyrtinámsins við klippingu á æfingahöfði og tileinkar sér helstu hugtök fagsins. Áhersla er lögð á að horfa og hugsa eins og hönnuður. Farið er í grunnform klippinga, jafn sítt, flái, auknar stytur og jafnar stytur. Nemandinn kynnist mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta. Hann fær að auki grunnþjálfun í gerð og notkun verklýsinga í klippingu og litun. Nemandi fær grunnþjálfun í meðferð og beitingu áhalda ásamt tækni við klippingu og auk gerðar verklýsinga fyrir klippingu og nýtingu þeirra. Kynnt er vinna með klippivélum með mismunandi kömbum og mismunandi aðferðir við þynningu í hári. Unnið er með æfingahöfuð og hártoppa. Nemandinn lærir um lögmál litanna og einkenni þeirra og fræðist um helstu áhöld og efni sem notuð eru til hárlitunar. Farið er í litafræði og kennt að lesa á liti og litaspjöld. Kennnd eru grunnatriði á íburði litar s.s. litur í rót og heillitur. Nemandinn kynnist mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta. Hann fær að auki grunnþjálfun í gerð og notkun verklýsinga í litun. Nemandi fær grunnþjálfun í meðferð og beitingu áhalda ásamt tækni við litun auk gerðar verklýsinga fyrir litun. Nemandinn æfist í að bera lit í hár og kynnist ólíkum aðferðum við litatækni s.s. partalitun og mismunandi stríputækni. Unnið er með hártoppa og æfingahöfuð.</p>			
<p>Forkröfur: engar</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • því kennslukerfi sem unnið er eftir og hvernig það er notað við hönnun og framkvæmd klippinga. • hugtökunum hverfipunktur, jafnsítt og flái og þeim hárformum sem hugtökin tákna. • helstu áhöldum sem notuð eru við klippingar. • helstu smitleiðum. • ýmsum hugtökum sem tengjast litafræði og litun. • litaspjöldum og notkun þeirra. • grunnlitum og blöndunarlitum. • notkun og umhirðu áhalda sem notuð eru við hárlitun. • gerð litaverklýsinga og tilgangi þeirra. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hafa gott vald á greiðu, skærum og þynningarskærum og á samspili blásara, bursta og greiðu. • sjá samhengi í verklýsingu og því verki sem hún stendur fyrir. • þekkja ólík form í hársnyrtingu og hafa vald á aðferðum til að ná þeim fram. • velja mismunandi gerðir lita eftir litaspjöldum. • bera lit í rót og heillita hár. • gera einfaldar strípur. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • klippa æfingahöfuð sítt- og stutt hár, einnig vanga og hnakkatopp í jafnsítt form og fláa. • gera verklýsingu fyrir klippingu. • greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi. • blanda hárlit samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. • lesa og skilja litaspjöld. • þekkja tóna í hárlit. • gera litaverklýsingar 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSNY2HG04BH

Titill: Hársnyrting 2 Skammstöfun: HSNY2HG04BH Námsgrein: Hársnyrting	Einingar 4	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing:</p> <p>Nemandinn fær þjálfun í klippingum á æfingahöfði, öðlast grunnþekkingu á formklippingu og aukna þekkingu á jafnsíðu formi og fláa ásamt því að læra þynningu og grunnformin auknar og jafnar styttur. Kynnt er vinna með klippivélum með mismunandi kömbum og mismunandi aðferðir við þynningu í hári. Nemandinn dýpkar skilning sinn og færni í gerð verklýsinga og nýtingu þeirra. Nemandinn æfist í að bera lit í hár og kynnist ólíkum aðferðum við litatækni s.s. partalitun og mismunandi strípútækni. Dýpkaður skilningur á gerð og nýtingu litaverklýsinga. Unnið er með hártoppa og æfingahöfuð.</p>			
<p>Forkröfur: HSNY1HG04AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum. • notkun og umhirðu klippivéla. • notkun og gerð verklýsinga. • a.m.k. þremur tegundum hárlitunarefna. • notkun litaspjalda. • mismunandi gerðum lita s.s. varanlegum og hálfvaranlegum. • gerð verklýsinga. • mismunandi þekju og virkni lita. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum. • gera verklýsingar. • geta séð fyrir sér form í klippingum. • velja og bera lit í hár. • velja mismunandi tækni til litunnar. • velja mismunandi styrkleika/þekju litar. • fara eftir þar til gerðum verklýsingum um lit 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • klippa hnakka og hliðartopp snöggt með vél og skærum. • klippa formklippingu á æfingahöfði samkvæmt kennslukerfi. • klippa sítt og stutt hár samkvæmt verklýsingum á æfingahöfði. • gera verklýsingar fyrir síðar og stuttar klippingar • greina náttúruleit út frá litaspjalda, velja og blanda hárlit samkvæmt því. • bera lit/skol í heilt höfuð. • framkvæma mismunandi gerðir strípulitana. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSNY2HG06CH

Titill: Hársnyrting 3 Skammstöfun: HSNY2HG06CH Námsgrein: Hársnyrting	Einingar 4	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
--	-----------------------------	------------------------------	------------------------

Lýsing:

Klipping: Nemandinn fær þjálfun í að blanda saman mismunandi formum við klippingu á stuttum og síðum línunum á módelum og æfingahöfðum. Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla. Nemandinn lærir að greina klippingar út frá myndum og gera verklýsingar fyrir þær. Í áfanganum er lögð rík áhersla á gerð og nýtingu verklýsinga við klippingar. Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla. Nemandinn öðlast aukna færni í litun og þjálfast í að bera lit í hár innan ákveðins tímaramma. Þekking og færni við ólíkar aðferðir í litatækni og strípulitun er efl. Kynnt er litaleiðrétting auk forlitunar og þjálfuð gerð verklýsinga og að vinna út frá þeim. Unnið er með æfingahöfuð og módel.

Forkröfur: HSNY2HG04BH

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- flestum hugtökum sem tengjast klippingum og tískuklippingum.
- formi klippinga út frá myndum
- ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum
- ólíkum aðferðum við litun s.s. heillitun, partalitun og strípulitun.
- tilgangi forlitunar og aðferðum við hana
- ólíkum hármótunarefnum og áhrifum þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- klippa formklippingu á æfingahöfði og módeli samkvæmt kennslukerfi.
- klippa snögga klippingu sem þynnist niður í hnakka.
- ráðleggja um val og form á klippingum
- beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivélum
- vinna út frá verklýsingu.
- greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því
- blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun.
- þekkja liti til litaleiðréttingar og forlitunar.
- ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa eftir fyrirmynd.
- klippa formklippingu á æfingahöfði/módeli og klippingu/tískulínur módeli út frá verklýsingu.
- geta þynnt niður í hnakka með vél og ólíkum kömbum.
- geta séð fyrir sér lokaútkomu á klippingu með tilliti til andlitsfalls og hárgerðar.
- klippa módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið
- greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því
- blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun
- vita hvenær forlitunar er þörf

Námsmat

Símat

HSNY3HG06DH

Titill: Hársnyrting 4 Skammstöfun: HSNY3HG06DH Námsgrein: Hársnyrting	Einingar 4	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
--	-----------------------------	------------------------------	------------------------

Lýsing:

Nemandi geti samþætt kunnáttu og færni frá fyrri stigum náms til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við klippingu auk faglegs frágangs verks. Hann þjálfast enn frekar í samspili þessara þátta þannig að heildarmynd hæfi viðskiptavini hverju sinni. Verkin eru flest unnin á módelum og þjálfast neminn því í samskiptum við viðskiptavini og að ráðleggja þeim með tilliti til andlits og líkamsbyggingar. Einnig lærir hann að ráðleggja um val á mótunarvörum við hæfi. Efler er þekking á verklýsingum og að vinna eftir verklýsingum annarra.

Nemandinn samþættir kunnáttu og færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við hárlitun auk faglegs frágangs verksins. Hann þjálfast í beitingu forlitunar, litaleiðréttingar og samspili hárlitar og klippingar þannig að heildarmynd hæfi viðskiptavini hverju sinni. Unnið er að mestu á módelum.

Forkröfur: HSNY2HG06CH

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tískuklippingum og útfærslum á þeim.
- ólíkum hármótunarefnum og áhrifum þeirra.
- ýmsum hugtökum sem tengjast hárlitun
- mismunandi aðferðum og útfærslum við hárlitun.
- ólíkum gerðum hárlita, notkun og umgengni við þá.
- mismunandi samspili hárlitar og klippingar
- hvenær skal notast við forlitun.
- hvernig meta skal hlutfall af gráu hári.
- mikilvægi verklýsinga- og spjaldskrárgerðar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum.
- ráðleggja um form á klippingum með hliðsjón af líffræðilegum þáttum
- beita fjölbreyttum aðferðum og tækni við klippingu og þynningu
- ráðleggja um form á klippingum sem hæfa
- greina náttúruleit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því.
- blanda og beita saman ólíkum aðferðum við hárlitun.
- þekkja liti til litaleiðréttingar og forlitunar.
- gera strípur og mismunandi partalitanir.
- gera verklýsingu og spjaldskrá fyrir viðskiptavin.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa fjölbreyttar klippinar/tískulínur á módeli út frá eigin hönnun.
- klippa módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið.
- gefa ráð um val á sídd, form og áferð klippingar með hliðsjón af líffræðilegum þáttum
- lita módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið.
- blanda liti til litaleiðréttingar.
- vita hvenær forlitunar er þörf.
- lita æfingarhöfuð og módel út frá eigin verklýsingu.
- greina náttúruleit og hlutfall grárra hára viðskiptavinar.
- nota litaspjald sem hjálpartæki.

Námsmat

Símat

HSNY3HG06EH

Titill: Hársnyrting 5 Skammstöfun: HSNY3HG06EH Námsgrein: Hársnyrting	Einingar 4	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing:</p> <p>Nemandinn nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við hönnun og framkvæmd á öllum gerðum klippinga. Hann öðlast færni í að greina möguleika og ráðleggja viðskiptavini um val á klippingu með hliðsjón af líffræðilegum þáttum og þeim tískustraumum sem eru ráðandi í samfélaginu hverju sinni. Nemandinn þjálfast í hraða og tækni við margbreytilegar klippingar og styrkist enn frekar í fagmannlegri framkomu, samskiptum, tjáningu, gerð verklýsinga.</p> <p>Nemandinn nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við hönnun og framkvæmd hárlitunar. Hann öðlast færni í að greina möguleika og ráðleggja viðskiptavini um val á hárlit með hliðsjón af líffræðilegum þáttum og þeim tískustraumum sem eru ráðandi í samfélaginu hverju sinni. Nemandinn þjálfast í hraða og tækni við margbreytilegar litunaraðferðir og styrkist í fagmannlegri framkomu, samskiptum, tjáningu, gerð verklýsinga, spjaldskrár og umgengni við vinnuumhverfið sitt.</p>			
<p>Forkröfur: HSNY3HG06DH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> mismunandi tískulínnum sem eru ráðandi hverju sinni og útfærslur á þeim. mismunandi samsetningu forma og aðferðum við verklýsingar. hvað hæfir hverjum með tilliti til útlits og líffræðilegra þátta. tjáningu og fagmannlegri framkomu mismunandi tískulitunum sem eru ráðandi hverju sinni og útfærslum á þeim. samspili hárlitar og klippingar. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> ráðleggja viðskiptavini um val á klippingum og hárlit sem hæfa hverju sinni vinna sjálfstætt við útfærslu þeirra. beita fjölbreyttum aðferðum, áhöldum og tækni við klippingu og hárlitun eftir því sem við á. klippa innan ákveðinna tímamarka. hanna nýjar tískulínur og litasamsetningar og útskýra það sem framkvæmt er fyrir viðskiptavini og öðrum í máli og myndum. geta framkvæmt flókna klippingu út frá verklýsingu og gerð spjaldskrá fyrir lit og litatækni ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> klippa tískulínur á módeli út frá eigin verklýsingu og hönnun. Klippa og lita módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið. meta óskir viðskiptavinar og ráðleggja út frá þeim. gefa ráð um val og form á klippingu og lit/litatækni með hliðsjón af líffræðilegum þáttum og ráðandi tískustraumum lýsa verki sínu í máli og myndum. lita klippingu/tískulínu á módeli út frá eigin hönnun. umgangast og hirða áhöld sín og vinnusvæði 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

IÐNF1HG04AH

Titill: Iðnfræði háriðna 1 Skammstöfun: IÐNF1HG04AH Námsgrein: iðnfræði	Einingar 4	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Kenndir grunnþættir þess kennslukerfis sem notað er við kennslu verklegra þátta. Grunnatriði í skyndihjálpi. Fjallað er um kenningar um hármótun og aðferðir sem notaðar eru til að móta hár. Notkun og beiting hinna ýmsu klippiáhalda, unnið í verklýsingargerð. Fjallað er um mannleg samskipti, þjónustulund, persónulegt hreinlæti, stöður og vinnustellingar. Nemandinn fær innsýn í mikilvægi persónulegrar og fagmannlegrar þjónustu við viðskiptavini. Fjallað er m.a. um vinnustaðinn. Einnig er fjallað um andlega vellíðan, Læra að þekkja uppbyggingu hárs. Nemandur fræðast um hárgerðir, uppbyggingu og vaxtarferli hársins. Unnið með ensk fagorð. Nemandinn fræðist um sjálfbærni og vistsporið.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • uppbyggingu hárs og eiginleikum þess. • helstu þáttum kennslukerfisins. • helstu fagorðum hársnyrtingar á ensku. • almennum umgengnisreglum og þjónustulund. • mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar. • öryggis- og varúðarráðstöfunum varðandi vinnu sína. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • efla mannleg samskipti og þjónustuhæfni. • bæta líkamsvitund sína. • skilgreina grunnform í klippingu. • beita helstu fagorðum hársnyrtingar á ensku. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • eiga grunnsamskipti við viðskiptavini t.d. í móttöku og sí mavörslu. • skilgreina grunnform í klippingu. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

IÐNF2HG04BH

Titill: Iðnfræði háriðna 2 Skammstöfun: IÐNF2HG04BH Námsgrein: iðnfræði	Einingar 4	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Farið er í litunarfræði, litastjörnuna, litanúmer og nöfn auk efnafræði hárlitunar. Kynntar eru leiðir til sjálfbærni í hársnyrtið og vistvænar vörur kynntar. Ýmis lykilorð við lestur leiðbeininga með hársnyrti efnunum á erlendum tungumálum eru skoðuð auk enskra fagorða. Unnið er með klippingartækni, form, áferð, lögun og skoðaðar skilgreiningar hugtaka sem tengjast hárinu auk þess sem leitast er við að efla skilning nemenda á gerð og notkun verklýsinga. Lögð er áhersla á mikilvægi réttar líkamsbeitingar. Farið er í efnafræði hárs, pH-kvarðann og efnafræði hársnyrtivara.</p>			
<p>Forkröfur: IÐNF1HG04AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi litategundum og styrkleikum þeirra. • litastjörnuni, heitum og köldum litum, hvað andstæðir litir gera. • uppbyggingu hárs og áhrif efna á það. • helstu fagorðum sem tengjast hárinu á íslensku og ensku. • vistvænum leiðum í hársnyrtingu. • pH-kvarðanum. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • umgangast efni af virðingu og með varúð. • vinna með liti og nota þau hjálpargögn sem bjóðast. • beita líkamanum rétt við vinnu sína. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • greina ástand hárs, líkamsform og andlitsfall og áhrif þess á möguleika á vali hársnyrtingar. • lesa leiðbeiningar og notkunarreglur efna á ensku. • nota litastjörnuna og lesa úr litaspjöldum. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

IÐNF2HG05CH

Áfangalýsing			
Titill: Iðnfræði háriðna 3 Skammstöfun: IÐNF2HG05CH Námsgrein: iðnfræði	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
Lýsing Fræðst er um þjónustugæði og siðferðileg álitamál sem snerta störf fagfólks í hársnyrtifaginu. Nemendur auka skilning sinn á mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á að nemendur skilji hve fagmannleg framkoma og góð þjónusta eru mikilvægir þættir í starfi hársnyrta. Nemendur læra um vörusölu /smásölu á vinnustað og mikilvægi hennar. Nemendur gera ferilskrá og fræðast um atvinnuviðtöl. Leitast er við að dýpka skilning nemenda á gerð og notkun verklýsinga. Nemandinn kynnist byggingu og starfsemi mannlíkamans og helstu hugtök líffræðinnar og helstu starfsemi líffærakerfis. Nemandinn fræðist um efnafræði permanenta og áhrif þeirra.			
Forkröfur: IÐNF2HG04BH			
Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i> <ul style="list-style-type: none"> • efnafræði permanenta • meginreglum í þjónustu. • mikilvægi góðrar samskiptatækni. • flestum gerðum verklýsinga • helstu líffærum og líffærakerfum • þekjukerfinu • innkirtla-, stoð- og hreyfikerfi líkamans. 		Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i> <ul style="list-style-type: none"> • gera ferilskrá til atvinnuleitar. • geta gert eigin þjónustustefnu og skilið mikilvægi siðareglna. • Geta ráðlagt og þjónustað viðskiptavin við vöruval • skilja hvernig þekjukerfið vinnur, áhrif sjúkdóma á líkamann og hvernig þeir geta komið fram hjá viðskiptavini 	
Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i> <ul style="list-style-type: none"> • skilgreina og veita góða þjónustu. • Getað teiknað grunn verklýsingar og skrifað textalýsingu • þekkja hin ýmsu efnatengi í líkamanum og tengja þekkinguna við þau efni sem nemandinn notar í starfi sínu 			
Námsmat Símat			

IÐNF2HG05DH

Titill: Iðnfræði háriðna 4 Skammstöfun: IÐNF2HG05DH Námsgrein: iðnfræði	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Í áfanganum er fræðst um ýmis hárvandamál, flösu, exem, hárlós, lús og meðferð við þeim. Þjálfuð gerð verklýsinga fyrir dömu og herraklippingar auk litaverklýsinga. Farið er í litgreiningu svo nemandi átti sig á heitum og köldum litum og hvað fer hverjum með tilliti til þess. áfanganum er farið í sögu hársins, þróun hártískunnar gegnum tíðina og hvað einkennir stílbrigði ólíkra tímabila og auk þess er þróun fagsins á Íslandi skoðuð. Stílmótun er skoðuð, nemendur læra að þekkja helstu andlitsgerðir og líkamsbyggingu auk þess að hanna og aðlaga klippingar og greiðslur að viðskiptavininum. Farið yfir myndbirtingar á samfélagsmiðlum og nemendur læra að taka myndir í ljósi í stúdíói og sýni svo verk sýn.</p>			
<p>Forkröfur: IÐNF2HG05CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu tímabilum í sögu hártískunnar og megineinkennum þeirra. • hinum ýmsu vandamálum sem upp geta komið í hári og hársverði. • öllum gerðum verklýsinga auk spjaldskrár. • mismun heitra og kaldra lita og hvað fer hverjum viðskiptavini. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • afla sér upplýsinga og kynna einkennandi hártísku ólíkra tímabila í sögunni. • leiðbeina viðskiptavininum um meðferð á hinum ýmsu hárvandamálum. • velja lit fyrir viðskiptavini út frá litafræði og litgreiningu. • leiðrétta litunarmistök í hári. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja fram greinargóða kynningu á ákveðnu tímabili í hársögunni. • teikna flóknar verklýsingar eftir myndum eða öðrum forskriftum. • litgreina viðskiptavini út frá húð, augum og háralit í heitar og kaldrar týpur. • greina þætti sem hafa áhrif á val á háralit og fylgihlutum. • greina, lita og lagfæra ólíkar gerðir hárs. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

ÍDNF3HG05EH

Titill: Iðnfræði háriðna 5 Skammstöfun: ÍDNF3HG05EH Námsgrein: Hársnyrtiðn	Einingar 5	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Farið er í ýmsa hagnýta hluti sem tengjast starfinu t.d. grunnþætti er varða starfsánægju, starfshvatningu, starfsmannaviðtöl, mun á launþega og verktaka og hvernig brugðist er við erfiðum viðskiptavinum. Ennfremur er farið í almenna upprifjun til undirbúnings fyrir bóklegt sveinspróf. Farið yfir ferilbækur. Nemendur framkvæma lokaverkefni sem endurspeglar námið í heild. Nemendur læra samvinnu við aðrar fagstéttir og vinna að undirbúningi og frágangi lokaverkefnis sem tengist t.d. ljósmyndun og/eða hársýningu í samvinnu við aðrar fagaðila innan skólans og utan.</p>			
<p>Forkröfur: ÍDNF2HG05DH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • samvinnu við aðrar fagstéttir. • mikilvægi samvinnu við td. ljósmyndara og förðunarfræðinga í að hanna sínar eigin tísku/hár ljósmyndir/sýningu. • hönnun og uppsetningu á lokaverkefni. • helstu þáttum er viðkoma starfsframa/ starfsánægju hans • skapandi framsetningu myndefnis og texta. • mismunandi aðferðum til að kynna sjálfan sig á faglegan hátt. • muninum á því að vinna sem verktaki, launþegi eða í stólaleigu. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna að samvinnuverkefnum með ólíkum fagaðilum. • koma fram, kynna sig og verk sín. • skipuleggja sig og framkvæma eftir því. • setja fram efni á faglegan og skapandi hátt. • búa til kynningarefni á mismunandi máta. • koma hugmyndum sínum á framfæri við aðra fagaðila svo sem ljósmyndara og förðunarfræðinga og vinna með þeim. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja og framkvæma lokaverkefni. • þroskast í starfi og vinna að starfsframa sínum. • vinna undir álagi og tímapressu. • svara fræðilegum spurningum sem varða fagið og/eða afla sér upplýsinga til þess. • velja sér miðil sem hentar framsetningu á lokaverkefninu. • vinna hönnunarvinnu í samvinnu við mismunandi fagaðila. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat og lokaverkefni</p>			

ITEI1HG05AH

Titill: Iðnteining háriðna 1 Skammstöfun: ITEI1HG05AH Námsgrein: Iðnteikning	Einingar 5	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandinn kynnist grunnþáttum í teikni-, lita- og formfræðum. Teiknuð verkefni með mismunandi blýjum og aðferðum. - teiknuð andlit og hárgreiðslur sem byggja á reglu gullinsniðs. Litafræði Ittens kynnt. - gerður samanburður við litastjörnu í hári og verkefni unnin sem tengjast bæði litafræði og hársnyrtinámi. Formfræði skoðuð og sett í samhengi við klippingar og greiðslur. Nemandi þjálfaður í efnis-, upplýsinga- og heimildaöflun, auk varðveislu gagna. Lagður grunnur að námsbók sem sýnir verkefnavinnu og námsframfarir nemanda.</p>			
<p>Forkröfur: Engar</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi blýjum og teikniaðferðum. • fjarvídd og skyggingum. • gullinsniði. • litafræði Itten. • grunnformum. • mismunandi leiðum og nálgun á heimildaleit og varðveislu gagna. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skynja og sjá tengsl milli þess sem hann sér sem fyrirmynd og verkefna sem unnin eru. • ná fram áhrifum, formútfærslum og formgerðum ásamt áferðum fyrirmyndar í verkefnum með mismunandi aðferðum. • geta valið sér ákjósanlega leið í varðveislu gagna og framsetningu á efni, bæði á rafrænu og ápreifanlegu formi. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þekkja eiginleika mismunandi blýja. • skyggja og ná fram fjarvídd í teikningu samkvæmt fyrirmynd. • nýta gullinsniðsregluna í teikningu og formfræði. • leita að og varðveita gögn og heimildir hvort sem er á veraldarvefnum eða með hugmyndabók. • safna gögnum og setja upp í námsbók. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

ITEI2GB05BH

Titill: Iðnteikning háriðna 2 Skammstöfun: ITEI2GB05BH Námsgrein: Iðnteikning	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Í áfanganum tengja nemendur saman listræna sköpun og vinnslu verkefna með stafrænum hætti. Unnið verður með mismunandi netmiðla og kynntir möguleikar til hönnunar og hugmyndavinnu með markaðsetningu og kynningarefni eigin vöru, fyrirtækis og þjónustu í huga. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér netmiðla í hönnunarferlinu frá hugmyndavinnu, þróunar vöru og til endalegrar afurðar. Nemendur vinna að uppsetningu og framsetningu efnis sem verður kynnt í lokaverkefni áfangans.</p>			
<p>Forkröfur: ITEI1HG05AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skapandi hugsun við vinnslu verkefna • aðferðafræði hönnunar í hugmyndavinnu • undirstöðuatríðum leitar- og upplýsingartækni • hvaða net- og samfélagsmiðlar henti mismunandi verkefnum • hvernig hægt er að þróa hugmyndir og vinnu með stafrænum hætti • mikilvægi hönnunar og sköpunar í framsetningu efnis á Netinu • markaðssetningu vöru, fyrirtækis og þjónustu 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • nýta sér aðferðir hugmyndavinnu og sköpunar við þróun verkefna • safna gögnum og efni til að setja fram á viðeigandi máta • velja framsetningu efnis við hæfi og geta skipulagt eigin vinnu • geti unnið sjálfstætt, sett sér markmið og valið aðferðir við hæfi • geta komið hugmyndum sínum á framfæri með skýrum hætti • kynna hugmyndir sínar og fjalla um þær á gagnrýnninn hátt • taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra • komið upplýsingum um eigin vöru, fyrirtæki og þjónustu á Netið 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með aðferðafræði hönnunar að þróun hugmynda • tileinka sér víðsýni og frumleika í hugsun • vinna með mismunandi netmiðla • nýta leitar- og upplýsingartækni við hæfi til framsetningar efnis • vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra að þróun hugmynda • setja fram og rökstyðja hugmyndir sínar á skýran og persónulegan hátt • geti nýtt sér tækni og búnað sem hentar eigin verkefnum • koma vöru, fyrirtæki og þjónustu á framfæri 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HPEM1HG04AH

Titill: Permanent 1 Skammstöfun: HPEM1HG04AH Námsgrein: verklegt permanent	Einingar 4	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandi kynnist grunnatriðum permanents og fær þjálfun í að gera skiptingar og rúlla upp nokkrum gerðum upprúlls og öðlast aukna leikni í upprúlli á permanenti með ólíkum spólugerðum. Kennd eru grunnatriði hárfvottar og næringarnudds. Einnig eru nemendum kynntar verklýsingar fyrir permanent og þeir fá grunnþjálfun í gerð þeirra og að fara eftir þeim. Farið er í ýmis permanentefni og vinnuaðferðir og kennd greining hárs. Gerðar eru kröfur varðandi hraða og vandvirkni. Farið er í smitvarnir og öryggisatriði. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.</p>			
<p>Forkröfur: Engar</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> grunnskiptingum fyrir permanentupprúll. mismunandi spólustærðum og gerðum. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp. að nota endapappír rétt. ná jafnri spennu á hári frá rót að enda. taka skiptingar í samræmi við spólustærð og fyrirhugaða útkomu. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> gera grunnskiptingar fyrir upprúll. gera upprúll á heilt höfuð. búa til verklýsingar fyrir permanent. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HPEM2HG02BH

Titill: Permanent 2 Skammstöfun: HPEM2HG02BH Námsgrein: permanent	Einingar 2	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandi fær þjálfun og öðlast leikni í hönnun og ísetningu á permanenti miðað við fyrirhugaða útkomu. Kennd er greining hárs og meðferð ýmissa tegunda af permanentefnum. Unnið er áfram með verklýsingar. Kynnt eru grunnatriði við þjónustu permanentis og mikilvæg atriði í efnavinnu á permanenti. Unnið er bæði með æfingahöfuð og módel.</p>			
<p>Forkröfur: HPEM1HG04AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • óskum viðskiptavina. • ýmsum gerðum permanentefna sem unnið er með. • vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ráðleggja um val og meðhöndlun á permanent efnum. • greina ástand hárs og velja efni með hliðsjón af því. • meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera verklýsingar og spjaldskrár. • framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu. • setja permanent í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum. • meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HPEM3HG04CH

Titill: Permanent 3 Skammstöfun: HPEM3HG04CH Námsgrein: Permanent	Einingar 4	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing: Í áfanganum er unnið með permanent og aðferðirnar þróaðar s.s. svampa-, spírala-, parta-, eða rótarpermanent í mismunandi lengdir hárs. Nemandinn fær þjálfun í gerð varanlegrar sléttunar og kynnist þeim mörgu möguleikum sem hún gefur. Dýpkaður er skilningur á greiningu hárs, spjaldskrár- og verklýsingagerð. Unnið er á módelum og æfingarhöfði.</p>			
<p>Forkröfur: HPEM2HG02BH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útfærslu permanent samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina. • þróaðri tegundum permanent upprúlls. • aðferðum til varanlegrar sléttunar, partasléttunar og rótarsléttunar. • að taka tillit til líffræðilegra þátta við hönnun meðferðar. • vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ráðleggja viðskiptavini um val og meðhöndlun á permanenti eða varanlegri sléttun. • greina ástand hárs og velja viðeigandi efni. • meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera verklýsingar og spjaldskrár. • framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu. • setja permanent og sléttun í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum. • greina hár og velja viðeigandi efni. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HPEM3HG04DH

Titill: Permanent 4 Skammstöfun: HPEM3HG04DH Námsgrein: Permanent	Einingar 4	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing:</p> <p>Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við framkvæmd permanent. Hann horfir til líffræðilegra þátta einstaklingsins og tilætlaðrar útkomu við val á efni og upprúlli. Hann öðlast sjálfstæði í að gefa ráð og lýsa þeim möguleikum sem í boði eru og að útfæra permanent sem hentar viðskiptavini samkvæmt þeim tíðaranda sem ráðandi er. Dýpkaður er skilningur á greiningu hárs, spjaldskrár- og verklýsingagerð. Unnið er með módel.</p>			
<p>Forkröfur: HPEM3HG04CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • að útfæra permanent samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina. • greiningu hárs og vali á viðeigandi efni samkvæmt því. • ólíkum gerðum permanentefna. • vali á spólugerð. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sjá út og framkvæma þá útkomu sem hæfir viðkomandi viðskiptavini. • velja efni og spólugerð miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu. • framkvæma permanentliðun á fjölbreytta vegu. • gera nákvæma verklýsingu og spjaldskrá. • ráðleggja viðskiptavini um hármæðferð með tilliti til hárgerðar og líffræðilegra þátta auk þess að gefa ráð um eftirmeðhöndlun. • geta unnið sjálfstætt og innan ákveðinna tímamarka. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • velja efni og spólugerð miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu. • setja permanent í hár innan ákveðinna tímamarka. • að beita permanentliðun til að ná fram þeirri útkomu sem óskað er eftir og er möguleg hverju 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

VSTÆ2HG03HN

Titill: Verkstæði faggreinar Skammstöfun: VSTÆ2HG03HN Námsgrein: verkstæði	Einingar 2	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Markmið áfangans er að gefa nemendur kost á því að dýpka þekkingu sína í ákveðnum þáttum sem snerta hársnyrtið. Áhersla er á að nemendur sýni sjálfstæði og frumkvæði í vinnu sinni.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT2HG04CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi heilbrigðs lífstíls, góðra samskipta og framkomu • mikilvægi þess að setja sér persónuleg markmið • mikilvægi fagmannlegrar framkomu • mikilvægi vandaðra vinnubragða 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bera ábyrgð á verkfærum og áhöldum, sjálfum sér og öðrum • sýna sjálfstæði í þeim verkum sem hann innir af hendi 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • iðka kurteisi og vandaða framkomu • sinna verkefnum sem lögð eru fyrir af alúð • bera virðingu fyrir ólíku vinnuumhverfi og menningu 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HRAK2HG02AH

Titill: Skeggklipping og rakstur 1 Skammstöfun: HRAK2HG02AH Námsgrein: Skeggklipping og rakstur	Einingar 2	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing:</p> <p>Nemandinn fær þjálfun í skeggsnyrtingu og rakstri. Hann lærir að klippa skegg með skærum og klippivélum, raka útlínur kringum skegg, nota viðeigandi vörur og gera verklýsingar. Áhersla er lögð á þekkingu á öryggi, hreinlæti, sótthreinsun og smitvörnum við notkun hnífs við rakstur. Nemandi lærir að beita heitum og köldum bökstrum við rakstur og þekkja hvaða skeggform hæfir hverju andlitsfalli.</p>			
<p>Forkröfur: HSNY2HG06CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi tískulínum fyrir skegg og útfærslur á þeim. • mismunandi skeggformum og rakstursbrautum. • mismunandi mótunarefnum í skegg. • hinum ýmsu vörum sem notaðar eru við rakstur. • smitvörnum og öryggi við rakstur. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • klippa skegg í mismunandi form og raka í kringum það með rakhníf. • gera verklýsingar og vinna eftir þeim. • beita heitum og köldum bökstrum við rakstur. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum við skeggsnyrtingu. • ráðleggja um form og lengd á skeggi með hliðsjón af líffræðilegum þáttum. • beita fjölbreyttum aðferðum og tækni við skeggklippingu og rakstur. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HRAK3HG02BH

Titill: Skeggklipping og rakstur 2 Skammstöfun: HRAK3HG02BH Námsgrein: skeggklipping og rakstur	Einingar 2	Hæfniprep 3	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við skeggklippingu og heilrakstur. Hann þekkir til þeirra tískustrauma sem eru ráðandi hverju sinni og beitir af leikni verkfærum og aðferðum til að ná fram útkomu sem hæfir hverjum viðskiptavini. Hann ráðleggur um val á skeggformi með tilliti til óska og möguleika, hannar sínar eigin skegglínur og lýsir þeim í máli og myndum.</p>			
<p>Forkröfur: HRAK2HG01AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mismunandi samsetningu forma og aðferðum við verklýsingar. • mismunandi skeggformum og rakstursbrautum. • hvað hæfir hverjum með tilliti til útlits og líffræðilegra þátta. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ráðleggja um form á skeggi sem hæfa viðskiptavini og vinna sjálfstætt við útfærslu þeirra. • geta framkvæmt skeggsnyrtingu út frá verklýsingu. • beita fjölbreyttum aðferðum og tækni við skeggklippingu og rakstur. • klippa og raka innan gefinna tímamarka. • hanna nýjar skegglínur, framkvæma þær og lýsa fyrir öðrum. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • meta óskir viðskiptavinar og ráðleggja út frá þeim. • klippa skegg í mismunandi form og raka í kringum það með rakhníf. • gera verklýsingar fyrir skegg. • umgangast og hirða áhöld sín og vinnusvæði. • velja og nota þau efni sem hæfa hverju sinni. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSÝN3HG04AH

<p>Titill: Sýningar og keppni Skammstöfun: HSÝN3HG04AH Námsgrein: Hárgreiðsla</p>	<p>Einingar 4</p>	<p>Hæfniprep 3</p>	<p>Lengd námskeiðs</p>
<p>Lýsing</p> <p>Í áfanganum eru keppnisgreinar hárfagsins skoðaðar frá ýmsum hliðum og nokkrar þeirra æfðar. Nemendur áfangans eru misjafnlega langt komnir í faginu og er komið til móts við þá þar sem þeir eru staddir í vali á verkefnum. Þeir þjálfast í að rýna í og fara eftir keppnisreglum, dæma verk sín og annarra, undirbúa sig fyrir keppni og keppa. Nemendur skoða hársýningar með gagnrýnum augum, fá að vera þátttakendur í tilfallandi sýningum og skipuleggja að lokum sýningu/ljósmyndasýningu á eigin verkum og setja hana upp.</p>			
<p>Forkröfur: HMÓT2HG04CH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ólíkum keppnisgreinum í hári. • algengustu reglum í hársnyrtikeppnum. • undirbúningi fyrir keppni. • hvernig dómur er unninn. • hvað einkennir góða hársýningu. • skipulagningu sýningar. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ólíkum keppnisgreinum í hári. • algengustu reglum í hársnyrtikeppnum. • undirbúningi fyrir keppni. • hvernig dómur er unninn. • hvað einkennir góða hársýningu. • skipulagningu sýningar. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ólíkum keppnisgreinum í hári. • algengustu reglum í hársnyrtikeppnum. • undirbúningi fyrir keppni. • hvernig dómur er unninn. • hvað einkennir góða hársýningu. • skipulagningu sýningar. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSTA1HG02AH

Titill: Starfskynning háriðna 1 Skammstöfun: HSTA1HG02AH Námsgrein: Starfskynning	Einingar 2	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Markmið áfangans er að kynna fyrir nemandanum sem flesta þætti fagsins og sem fjölbreyttastan starfsvettvang. Hér kynnist hann ólíkri vinnustaðamenningu og samvinnu en þetta er undirbúningur fyrir frekara nám í faginu. Nemandinn fær fræðslu um það hvað felst í því að vera fagmaður í hársnyrtiðn og innsýn í daglegt starf á hársnyrtistofu. Lagður er grunnur að sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýninni hugsun í námi. Ferlibók hársnyrtiðnar er kynnt og virkni hennar.</p>			
<p>Forkröfur: HSNY1HG04AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • starfi fagmannsins á ólíkum sviðum • mikilvægi heilbrigðs lífstíls, góðra samskipta og framkomu • mikilvægi þess að setja sér persónuleg markmið • mikilvægi fagmannlegrar framkomu og góðra samskipta • þjónustu á vinnustað • Virkni ferlibókar • Hæfnikröfur starfs hársnyrta 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma hárfvott og höfuðnudd á vinnustað • bera ábyrgð á verkfærum og áhöldum, sjálfum sér og öðrum • sýna sjálfstæði í þeim verkum sem hann innir af hendi • skilja virkni ferlibókar og geta útskýrt hana fyrir öðrum 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • iðka kurteisi og vandaða framkomu • sinna verkefnum sem lögð eru fyrir á vinnustað af alúð • bera virðingu fyrir ólíku vinnuumhverfi og menningu 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

HSTA2HG03BH

Titill: Starfskynning háriðna 2 Skammstöfun: HSTA2HG03BH Námsgrein: Starfskynning	Einingar 2	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Í starfskynningu öðlast nemandinn aukna færni, reynslu og leikni í þjónustu við viðskiptavini, þjálfast í verktækni, hraða og faglegum vinnubrögðum við raunverulegar starfsaðstæður undir handleiðslu hársnyrtmeistara. Hann þjálfar með sér færni til samvinnu auk þess að vinna sjálfstætt og tilheyra hóp. Hann þjálfast í vinnu undir álagi. Lærir að þekkja mismunandi vörur og öðlast þekkingu á vörusölu.</p>			
<p>Forkröfur: HSTA1HG02AH</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinnustaðamenningu. • samvinnu á vinnustað. • skipulagningu og verkfærni. • þjónustu á vinnustað • Virkni ferillbókar 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna vel og faglega með öðrum á vinnustaðnum. • skipuleggja bókanir fram í tímann. • veita almenna hársnyrtingu til viðskiptavina undir handleiðslu meistara. • ráðleggja viðskiptavinum um vörur sem henta til heimanota. 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • iðka kurteisi og vandaða framkomu • sinna verkefnum sem lögð eru fyrir á vinnustað af alúð • bera virðingu fyrir ólíku vinnuumhverfi og menningu • að þjónusta viðskiptavini. • auknum hraða og verktækni við almenna hársnyrtingu. • vörusölu og ráðlegginga til viðskiptavina. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p>			

ÁFANGALÝSINGAR- almennar greinar

ENSK2AE05AT

Titill: Bókmenntir og ritun Skammstöfun: ENSK2AE05AT Námsgrein: Enska	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Markmið áfangans er að efla menningarläsi nemenda með því að þjálfa þá í að fræðast og tjá sig um ólík viðfangsefni á ensku. Nemendur bæta markvisst við orðaforða sinn, með áherslu á akademískan orðaforða, og öðlist dýpri skilning á flóknari málfræði enskrar tungu. Farið er yfir grundvallaratriði í ritun texta af ýmsum toga og nemendur æfa sig í nýtingu þeirra með hliðsjón af orðaforðanum sem farið er yfir í áfanganum. Lesin eru klassísk bókmenntaverk á enskri tungu og nemendur þjálfaðir í að rýna í bókmenntatexta og ræða umfjöllunarefni verkanna út frá eigin reynslu og skilningi.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • orðaforða sem tengist menningu og þeim menningarheimum þar sem enska er töluð • flóknari málfræði enskrar tungu • uppbyggingu mismunandi texta, s.s. blaðagreina, fræðigreina, bókmenntatexta, o.fl. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera sér grein fyrir skoðun og afstöðu höfunda margvíslegra texta og geta tjáð sig um hana bæði munnlega og skriflega • lesa milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta • taka þátt í skoðanaskiptum á ensku og geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi • færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum, bæði í ræðu og riti • tengja þekkingu sína og leikni við það umhverfi og menningarheim sem hann býr við 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • tjá sig um sitt eigið umhverfi og menningu á ensku • beita flóknari málfræðireglum í ræðu og riti • túlka með eigin orðum á ensku efni frá mismunandi miðlum • tjá sig í ræðu og riti um margvísleg mál frá eigin brjósti • skrifa margskonar texta • tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um þekkingu sína • sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum • taka þátt í samræðum um viðfangsefni áfangans og hugarefni sín 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat https://namskra.is/courses/5851492362933a33a6021989</p>			

VITI1GR05AT

Titill: Lífsleikni Skammstöfun: VITI1GR05AT Námsgrein: Lífsleikni	Einingar 5	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Áhersla er lögð á þekkingu nemenda á skólaumhverfinu. Fjallað er um vinnubrögð í námi, sjálfsmynd, skólakerfi og atvinnulíf, fjármál, neytendamál, umferðina, lýðræði og borgaralega vitund. Einnig er fjallað um næringu, mataræði, geðheilsu, kynhegðun og vanabindandi efni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, markmiðssetningu og úrvinnslu verkefna með kynningum.</p>			
<p>Forkröfur: Engar</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • námskröfum skólans og skólaumhverfinu • námsmöguleikum og skólakerfinu • árangursríkum námsaðferðum og mikilvægi markmiða • leiðum til að efla sjálfsmyndina • atvinnulífi og framtíðarstarfi • helstu fjármálhugtökum • Lýðheilsu • lýðræði, Alþingi og stjórnmalaflokkum • jafnrétti • réttindum og ábyrgð neytenda • ábyrgð í umferðinni 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • efla eigin styrkleika, sýna og vinna að því að þeir nýtist sem best í skólaumhverfinu • setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi og gera grein fyrir eigin áhugasviði • nota árangursríkar námsaðferðir • útbúa starfsferilskrá og gera grein fyrir eigin möguleikum á atvinnu og frekara námi • taka ábyrgð á eigin námi og framtíð • vera fjármálalæs, búa til áætlun um fjármálin og reikna út helstu kostnaðarliði einstaklinga og fjölskyldu og hvað felst í því að vera fjárráða • greina hættur í umferðinni til að vera ábyrgur ökumaður • geta útskýrt lýðræðishugtakið og hvernig Alþingi og stjórnmalaflokkar starfa • tjá skoðanir sínar um þau málefni sem upp koma í samfélaginu hverju sinni • greina munnlega og skriflega frá upplýsingum sem hann hefur aflað sér 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • leita sér upplýsinga um helstu þætti í skólaumhverfinu • leita upplýsinga um námsmöguleika og skólakerfið • leita upplýsinga um árangursríkar námsaðferðir og setja sér raunhæf markmið • greina tengsl sjálfsmyndar við árangur í daglegu lífi • afla sér upplýsinga um atvinnulífið og framtíðar starfsmöguleika • leita leiða til að gera áætlun um fjármál og • meta upplýsingar um fjármál • afla sér upplýsinga um lýðheilsu • leita upplýsinga um störf Alþingis, • stjórnmalaflokka og lýðræði • fjalla um jafnréttismál • leita upplýsinga um rétt neytenda út frá lögum, siðferði og auglýsingum • sýna ábyrga hegðun í umferðinni 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat https://namskra.is/courses/646df689e3d27f2f76000728</p>			

ÍSLE2AA05AT

Titill: Íslenska lestur og ritun Skammstöfun: ÍSLE2AA05AT Námsgrein: íslenska	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Kjarnahugtök áfangans eru lestur og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur efli færni sína í lestri. Þeir vinna markvisst að því að efla leshraða sinn og lesskilning á einstaklingsgrundvelli. Þeir nemendur sem þess þurfa fá ennfremur leiðbeiningar til þess að bæta kunnáttu sína í réttiritun. Nemendur lesa mismunandi gerðir texta og bókmenntaverk frá ólíkum tímum og fjalla um gerð þeirra og inntak. Þeir þjálfast í ritun mismunandi texta og meðferð heimilda. Nemendur fá þjálfun í hugtakanotkun við umfjöllun um mismunandi texta, stíl þeirra og málsnið.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gildi góðrar lestrarkunnáttu í lífi og starfi. • grunnhugtökum í ritgerðasmíð. • upplýsingaöflun og notkun heimilda í ritun. • réttiritunarreglum í íslensku eftir því sem við á. • mismunandi tegundum bókmenntatexta og grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um bókmenntir. • hugtökum sem nýtast við umfjöllun um tal- og ritmál. • málsniði og stíl og helstu stílbrögðum og stíleinkennum texta. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • auðvelda sér nám í öðrum tungumálum og skilning á byggingu þeirra. • vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti. • setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær. • túlka bókmenntatexta þótt merkingin liggji ekki á yfirborðinu. • 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • markvissri notkun viðeigandi hjálpargagna við frágang ritsmíða. • ritun nytjatexta af ýmsu tagi með mismunandi málsniði. • að flytja ræður, endursagnir og kynningar af mismunandi tagi af öryggi. • að beita mismunandi lestraraðferðum í samræmi við gerðir texta. • að draga saman aðalatriði og finna megininntak texta. • að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt. • að lesa bókmenntir sér til gagns og gamans og fjalla um inntak þeirra. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p> <p>https://namskra.is/courses/54e8eabf62933a1936000b47</p>			

STÆR2BR05AT

Titill: Rúm- og tölfræði, líkinda- og viðskiptar. Skammstöfun: STÆR2BR05AT Námsgrein: Stærðfræði	Einingar 5	Hæfniprep 2	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Í áfanganum er fjallað um rúmfræði með teikningum, tölfræði, líkindareikning og viðskiptareikning. Helstu efnisatriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Grundvallarhugtök og reglur í evklíðskri rúmfræði. • Mælingar í rúmfræði og mikilvægi nákvæmi • Grunnatriði tölfræði og líkindareiknings: Myndrit, meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, staðalfrávik, spönnun, einföld líkindi og fleira • Talningaraðferðir, flokkun gagnasafna og framsetning niðurstaðna • Viðskiptareikningur: Prósentur, álagning, afsláttur, virðisaukaskattur, vextir, vísitölur og fleira • Hagnýt verkefni um notkun viðskiptareiknings 			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grundvallarhugtökum og reglum í evklíðskri rúmfræði, tölfræði, líkinda-reikningi og viðskiptareikningi 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk • átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum • vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýninn hátt • skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau • taka ákvarðanir í sértækum verkefnum er lúta að efni áfangans • klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlkað lausnirnar • 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja fram lausnir á táknmáli stærðfræðinnar • leysa rúmfræðileg verkefni og beita teikniáhöldum • flokka talnasöfn, lesa úr myndritum og skýra einkennisstærðir talnasafna • setja upp og túlka gögn á myndrænu formi • reikna einföld líkindi atburða og meta áhættu við ákvarðanatöku • reikna prósentur, vexti og vísitölu • nota vísindalegar reiknivélar og stærðfræðiforrit á netinu. 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p> <p>https://namskra.is/courses/58511d2e62933a33a602187f</p>			

NÁLÆ1AN05AT

Titill: Náttúruhlæsi Skammstöfun: NÁLÆ1AN05AT Námsgrein:	Einingar 5	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Í áfanganum kynnast nemendur ýmsum grunnhugmyndum náttúruvísinda og fá tækifæri til að tengja þær við fyrri þekkingu og sitt daglega líf. Leitast er við að þjálfna nemendur í gagnrýninni hugsun og að þeir auki færni sína í vinnubrögðum sem tengjast öflun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Síðast en ekki síst er leitast við að vekja áhuga, efla þekkingu og ábyrgðarkennd nemenda gagnvart náttúrunni. Í áfanganum er leitast við að fjalla um ólík viðfangsefni úr raunvísindum en innihald getur verið breytilegt milli anna og jafnvel geta tvær útfærslur verið í gangi á sömu önninni. Nemendur hafa þá val um hvaða útfærslu þeir velja. Dæmi um möguleg viðfangsefni: • Umhverfismál • Sjálfbærni • Veðurfræði • Orka og virkjanir • Stjórnfræði • Efnafræði daglegs lífs • Landgræðsla (vistfræði) • Loftslagsbreytingar • Erfðafræði • Eldvirkni og jarðskjálftar • Vatn: Hringrás þess og mikilvægi</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í umræðu í samfélaginu um mál sem varða viðfangsefni áfangans ...sem er metið með... umræðum, verkefnaskilum, sjálfsmati og jafningjamati eftir því sem við á meta hvort upplýsingar séu réttar og/eða áreiðanlegar sem er metið með umræðum og prófum eftir því sem við á meta hvaða spurningar eru vísindalegar og hvernig vísindaheimurinn myndi leita svara við þeim sem er metið með verkefnaskilum, umræðum og prófum eftir því sem við á 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat</p> <p>https://namskra.is/courses/52fb6e4662933a50d000147e</p>			

ÍPRÓ1GH02AT

Titill: líkaminn í leik og starfi Skammstöfun: ÍPRÓ1GH02AT Námsgrein: íþróttir	Einingar 2	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing</p> <p>Þetta er bóklegur áfangi þar sem farið er yfir hvernig líkaminn bregst við í leik og starfi og undirbúning hans við væntanlegu álagi.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • upphitun – þoli – styrk – liðleika • mataræði – íþróttaslys • blóðrásakerfinu – líkamsbeitingu • gerð æfingaáætlana 	<p>Hæfniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • viðhalda líkamspreki sínu • geta valið sér þá hreyfingu sem fellur að hans þörfum • vera meðvitaður um líkamsástand sitt 		
<p>Leikniviðmið</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar • vinna sjálfstætt • setja upp æfingaáætlun • 			
<p>Námsmat</p> <p>Símat https://namskra.is/courses/54e900d262933a1936000b7d</p>			

ÍPRÓ1LA01AT

Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa Skammstöfun: ÍPRÓ1LA01AT Námsgrein: Íþróttir	Einingar 1	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þolþjálfun • upphitun • liðleika • styrk 	<p>Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • viðhalda líkamspreki sínu • gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga 		
<p>Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með grunnþætti líkamspjálfunar • vinna sjálfstætt • setja upp æfingaáætlun 			
<p>Námsmat Símat https://namskra.is/courses/54e9014562933a1936000b82</p>			

ÍPRÓ1LB01BT

Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa Skammstöfun: ÍPRÓ1LB01BT Námsgrein: íþróttir	Einingar 1	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þolþjálfun • upphitun • liðleika • styrk 	<p>Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • viðhalda líkamspreki sínu • gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga • vera meðvitaður um líkamsástand sitt 		
<p>Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar • vinna sjálfstætt • setja upp æfingaáætlun 			
<p>Námsmat Símat https://namskra.is/courses/54e9017a62933a1936000b86</p>			

ÍÞRÓ1LC01CT

Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa Skammstöfun: ÍÞRÓ1LC01CT Námsgrein: íþróttir	Einingar 1	Hæfniprep 1	Lengd námskeiðs
<p>Lýsing Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.</p>			
<p>Forkröfur:</p>			
<p>Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þolþjálfun • upphitun • liðleika • styrk 	<p>Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • viðhalda líkamspreki sínu • gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga • vera meðvitaður um líkamsástand sitt 		
<p>Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með grunnþætti líkamspjálfunar • vinna sjálfstætt • setja upp æfingaáætlun 			
<p>Námsmat Símat https://namskra.is/courses/54e9024462933a1936000b8f</p>			